

## 7. gr.

Nefndarmenn skulu vera til aðstoðar við samningu tillagna að reglugerðum samkvæmt lyfsölulögum, eftir því sem ráðherra eða landlæknir, í samráði við formann nefndarinnar kveðja þá til hverju sinni.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. gr. lyfsölulaga, nr. 30 29. apríl 1963, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. nóvember 1964.*

**Jóhann Hafstein.**

---

*Baldur Möller.*

**AUGLÝSING**

**um breyting á samþykkt Sjúkrasamlags Grýtubakkahrepps, nr. 156  
í auglýsingu nr. 172 24. október 1957.**

11. grein 6. töluliðar, A. liður: Samlagið greiðir nudd- og rafmagnslækningar, sem framkvæmdar eru samkvæmt fyrirsögn læknis, að  $\frac{1}{2}$ , þó ekki yfir kr. 600.00 á hverju almanaksári fyrir hvern sjúkling.

Framangreind breyting á ofangreindri samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. nóvember 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

---

*Gunnlaugur Þórðarson.*

**AUGLÝSING**

**um breyting á samþykkt Sjúkrasamlags Vestmannaeyja, nr. 7  
í auglýsingu nr. 49 29. marz 1957.**

11. grein 6. liður b. í samþykktum samlagsins orðist svo: Samlagsstjórn er heimilt, ef sérstaklega stendur á og trúnaðarlæknir telur nauðsynlegt, að greiða ferðakostnað samlagsmanna, vegna slysa eða bráðra sjúkdóma að  $\frac{3}{4}$  hlutum og Tryggingastofnunin tekst á hendur að greiða hluta kostnaðarins, sbr. 78. grein almannatryggingalaganna.

Framangreind breyting á ofangreindri samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. nóvember 1964.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

---

*Gunnlaugur Þórðarson.*